



# Á ferð og flugi í umferðinni



## Á ferð og flugi í umferðinni

ISBN: 978-9979-0-2641-9

© 2009 Sigrún Björk Cortes

© 2009 Teikningar: Íris Auður Jónsdóttir

1. útgáfa 2009

Önnur prentun 2010

2. útgáfa

Menntamálastofnun

Kópavogi

Kennsluleiðbeiningar í vefútgáfu fylgja.


Sérfræðingar á umferðaröryggissviði Umferðarstofu lásu efnið yfir og veittu fagleg ráð. Þeim eru færðar bestu þakkir.

Ritstjóri: Aldís Yngvadóttir

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundna og útgefanda.



---

# Á ferð og flugi í umferðinni



# Efnisyfirlit

Kæri nemandi .....	3
Umferðarreglur .....	4
Umferðarmerki .....	5
Skólinn minn .....	8
Strætó .....	9
Umferðarkönnun .....	10
Reiðhjól .....	11
Meira um hjálma .....	14
Þrautabraut .....	15
Umferðaröryggi .....	16
Öryggið er í þínum höndum .....	18
Fyndið .....	20
Hlaupahjól – hjólabretti – línuskautar .....	22
Endurskinsmerki .....	24
Snjór og hálka .....	26
Umferðarfréttir .....	28
Könnun .....	30
Öðruvísi bingó .....	32



## Kæri nemandi!

Þú hefur verið virkur þátttakandi í umferðinni í mörg ár og kannt án efa nú þegar ýmsar reglur til að vera örugg(ur) í umferðinni. Þú lítur sjálfsagt til beggja hliða áður en þú ferð yfir götu, notar gangbrautir þar sem þær eru og nýtir þér gangbrautarljós þar sem þau er að finna. Þér myndi sennilega ekki detta í hug að hjóla hjálmlaus af stað út í umferðina. Á veturna passarðu örugglega að vera vel sýnileg(ur) með endurskinsmerkin þín. Þegar þú gengur eða hleypur eða hjólar eftir gangstétt hefurðu vafalaust í huga að inni í hverri innkeyrslu gæti verið bíll sem rétt í því er verið að bakka út á götuna.

En hvernig er það, þekkirðu líka umferðarmerkin? Veistu hvað þau þýða og til hvers þau eru? Hefurðu leitt hugann að því að í námunda við heimili þitt og skólann, og alls staðar í kringum þig, eru fjölmörg umferðarmerki? Öll hafa þau ákveðinn tilgang og ef þau væru ekki þarna þá myndi sennilega ríkja algjört öngþveiti og afskaplega erfitt væri að komast ferða sinna, hvort sem væri á bíl, hjóli eða fótgangandi!

Þessi bók fjallar um ýmis mikilvæg atriði í sambandi við umferð og þig sem vegfaranda. Henni er ætlað að auka þekkingu þína á þessu sviði og skapa umræður í bekknum um umferð og umferðaröryggi. Í bókinni er að finna ýmiss konar verkefni. Sum eru einföld og gott að leysa þau við skólaborðið ein(n) eða með öðrum, önnur krefjast þess að þú farir á stúfana til að prófa eitthvað eða kanna. Enn önnur verkefni gera ráð fyrir samvinnu eða aðstoð heima fyrir. Vonandi lærirðu heilmikið af þessu öllu saman og skemmtir þér vel á meðan þú lærir. Og síðast, en ekki síst:

*Gangi þér vel í umferðinni!*



# Umferðarreglur

Í daglegu lífi þurfa allir að fara eftir reglum, hvort sem þær eru til skráðar eða ekki. Heima hjá þér eru örugglega í gildi ákveðnar reglur, s.s. um það hvernig á að ganga um, hvaða þætti börnin á heimilinu mega horfa á í sjónvarpinu, hvenær þau eiga að fara að sofa eða eitthvað slíkt. Reglur eru auðvitað mismunandi á milli heimila og sumar reglur þarf ekki að skrifa niður, þær eru svokallaðar óskráðar reglur. Sem dæmi um óskráðar reglur má nefna ýmsar kurteisisvenjur, s.s. að þakka fyrir sig eftir matinn, ropsa ekki við matarborðið og heilsa gestum sem koma í heimsókn.

Reglur eru jafnvel misjafnar eftir löndum. Það sem þykir sjálfsgöð kurteisi í einu landi getur verið argasta ókurteisi í öðru landi. Dæmi um það er að smjatta hátt og sötra þegar borðað er. Í Kína þykir það til dæmis bera vott um að þér líði vel og kunnir að meta matinn ef þú smjattar. Á Íslandi er smjatt talið bera vott um skort á mannasiðum.

Í hvorugu landinu eru þessar reglur þó til skráðar sem lög sem öllum ber að fara eftir.

Sumar reglur eru settar til þess að tryggja öryggi fólks og þær reglur eru oftast skráðar niður og ætlast til að fólk fari eftir þeim. Þær reglur eru líka oft mjög líkar milli landa. Dæmi um slíkt eru umferðarreglur. Í umferðarlögum eru sérstakar reglur fyrir gangandi vegfarendur, sem og fyrir bílaumferð. Í þessum reglum er m.a. talað um að gangandi vegfarendur eigi að nota gangstéttir þar sem þær eru, að ekki megi leiða reiðhjól á gangstéttum ef það er til óþæginda fyrir aðra og að gangandi vegfarendur skuli nota gangbraut til að fara yfir götu, sé hún nálæg.

En hvað á að gera ef gengið er eftir götu þar sem engin gangstétt er? Til eru reglur um það líka. Rifjaðu þær upp og skrifaðu hér fyrir neðan:



---

---

---

---

Hvers vegna er nauðsynlegt að hafa umferðarreglur? Er ekki nóg að allir vandi sig bara og reyni að fara varlega? Geturðu ímyndað þér hvernig yrði að ferðast um, hvort sem væri í bíl, gangandi eða á hjóli, ef engar umferðarreglur væru í gildi? Hvaða afleiðingar myndi það hafa að þínu mati?



---

---

---

---

# Umferðarmerki

Alls staðar í kringum okkur er krökkt af umferðarmerkjum. Við tökum kannski ekkert sérstaklega eftir hverju og einu þeirra svona dagsdaglega, en þau eru þarna samt og mörg þeirra eru eiginlega bara lífsnauðsyn-

leg. Án þeirra væri allt í rugli í umferðinni og allir vegfarendur væru í stórkostlegri hættu hverja sekúndu. Umferðarmerkin skiptast í nokkra flokka, sem hver um sig er mismunandi í laginu.

## Helstu flokkar umferðarmerkja eru

### Viðvörðunarkerki

### Boðmerki

### Bannmerki


### Upplýsinga- og þjónustumerki

Hér og á næstu síðum sérðu nokkur merki í hverjum flokki. Gott er að vita hvaða þýðingu þau hafa í umferðinni. Umferðarmerkin eiga eftir að koma við sögu aftur af og til og þegar þú hefur farið yfir allt efnið ættirðu að geta farið í bíltúr með fjölskyldunni og upp-

lýst hana um hvað flest merki þýða. Til gamans má benda á að í símaskránni og á [www.umferd.is](http://www.umferd.is) má finna myndir af öllum umferðarmerkjunum, en þau eru á milli 250 og 300 talsins!

## Viðvörðunarkerki

Þeim er ætlað að vekja athygli vegfarenda á því að vegur sé hættulegur eða vekja athygli á einhverri sérstakri hættu á veginum. Viðvörðunarkerki eru príhyrnd og gul á lit, með rauðum kanti.



Biðskilyla 	Börn að leik 	Brött brekka 	Gangbraut 	Hættuleg beygja til hægri 
Hættuleg beygja til vinstri 	Hættuleg vegamót 	Hjólreiðamenn 	Hraðahindrun 	Hringakstur 
Jarðgöng 	Önnur hættu 	Ósléttur vegur 	Reiðmenn 	Sleipur vegur 
Umferð á vegi hefur forgang 	Umferð gangandi 	Umferðarljós framundan 	Vegavinna 	Vegur mjókkar 



Hvaða merki í þessum flokki er frábrugðið öllum hinum og hvernig?

---



---

# Umferðarmerki

## Boðmerki

Þau eru ætluð til þess að segja vegfarendum hvernig umferðin á að vera, til dæmis í hvaða átt á að aka, eða að hér sé sérstakur gang- og hjólréiðastígur o.s.frv. Boðmerki eru hringlaga, blá að lit og með hvítum kanti og hvítu tákni.



Akstursstefnumerki 	Akstursstefnumerki 	Hringakstur 
Hjólréiðastígur 	Gangstígur 	Gang- og hjólréiðastígur 
Akbrautarmerki 	Reiðvegur 	Akbrautarmerki 

## Bannmerki

Þau segja til um það sem ekki má gera í umferðinni á ákveðnum stöðum, s.s. að beygja til hægri eða hjóla. Bannmerkin eru flest hringlaga og gul á litinn með rauðum kanti

og mynd eða tölustöfum eða öðrum táknum eftir því sem við á. Auk þess er skástríkur yfir mörg þeirra til að sýna að það sem þau tákna er bannað.

Allur akstur bannaður 	Innakstur bannaður 	Akstur vélknúinna ökutækja bannaður 	Akstur dráttarvéla bannaður 	Akstur bifhjóla bannaður 
Hjólréiðar bannaðar 	Hestaumferð bönnuð 	Takmörkuð hæð ökutækja 	Hámarkshraði 	Hægri beygja bönnuð 
Vinstri beygja bönnuð 	U-beygja bönnuð 	Bannað að leggja ökutæki 	Bannað að stöðva ökutæki 	Stöðvunarskylda 



Hvaða merki í þessum flokki skera sig úr? Hvernig eru þau öðruvísi?

---



---



---



---



# Umferðarmerki

## Upplýsinga- og þjónustumerki

Upplýsingamerkjum er ætlað að gefa vegfarendum upplýsingar um ýmislegt sem er mikilvægt fyrir umferðina, s.s. hvar næstu bílastæði eru eða að ákveðin gata sé einstefnugata. Þau eru oftast blá með hvítu tákni. Þjónustumerki

eiga að gefa til kynna hvaða þjónusta er í boði á leið vegfarenda. Þessi merki eru yfirleitt blá með svartri mynd á hvítum grunni. Í báðum flokkum eiga merkin að vera rétthyrndir ferhyrningar.

Bifreiðastæði 	Athyglisverður staður 	Bifreiðastæði fyrir fatlaða 	Einstefna 	Botngata 
Slyshjálp 	Upplýsingar 	Almenningssalerni 	Bensinstöð 	Veitingahús 
Tjaldsvæði 	Sundstaður 	Aðalbraut 	Golfvöllur 	Gangbraut 



Manstu eftir öðrum umferðarmerkjum?  
Teiknaðu þau hér og litaðu í réttum litum.

--	--	--	--	--

Finnst þér kannski vanta umferðarmerki? T.d. um að áfengi og akstur fari ekki saman, eða eitthvað annað? Hér geturðu hannað tvö ný merki sem þú heldur að gæti komið sér vel að

hafa í umferðinni. Mundu að skrifa við hvað merkin eiga að þýða eins og gert er hér að framan. Gættu þess að hafa rétta lögun miðað við þann flokk sem merkið á að tilheyra.



# Skólinn minn

Hér fyrir neðan skaltu teikna upp kort af skólanum þínum og næsta nágrenni hans, þ.e.a.s. þær götur sem liggja að honum og eru nálægar. Hvar eru gangbrautir? Hvar eru gangbrautarljós? Umferðarljós? Stoppmerki? Biðskylða? Undirgöng? Göngubrú? Hringtorg? Strætóstoppistöð? Er gangbrautarvörður staðsettur nálægt skólanum á mestu umferðartímum? Teiknaðu inn á kortið það sem á við

um þinn skóla. Þú þarft kannski að fara út til að kanna umhverfið í kringum skólann. Er eitthvað sem þér finnst að þyrfti að bæta? Er auðvelt og öruggt fyrir krakkana í hverfinu eða byggðarlaginu að komast að skólanum sínum? Veltu þessum spurningum fyrir þér á meðan þú teiknar. Ekki sakar að vinna verkefnið í samvinnu við einhvern í bekknum og spjalla um það í leiðinni.

Þetta er kort af nágrenni \_\_\_\_\_ skóla

# Strætó



Ferðast þú einhvern tíma með strætó? Margir nota strætó daglega til að komast til og frá skóla eða vinnu eða í tómsundur eða til að fara í heimsóknir til vina og ættingja. Það hefur marga kosti í för með sér að ferðast með strætó. Það er ódýr og öruggur ferðamáti og auk þess frekar umhverfisvænt. Ef fleiri tækju strætó í stað þess að aka um á einkabílum myndi umferðarþungi, eldsneytisnotkun og mengun minnka. En til þess að geta tekið strætó er nauðsynlegt að vera fær um að lesa og skilja tímaáætlanir. Á biðstöðvum strætó eru leiðakort sem hægt er að fara eftir en einnig má skoða tímaáætlanir og kort á Netinu áður en lagt er af stað með því að slá inn [www.straeto.is](http://www.straeto.is). Kannt þú að lesa úr upplýsingum leiðakorta og tímaáætlana strætó?

# Umferðarkönnun

Eru ökumennirnir í hverfinu þínu góðir ökumenn? Fara allir eftir umferðarreglunum? Nú er kominn tími til að kanna hvort allir séu með beltin spennt, börnin í barnabílstólum og ljósín kveikt, svo eitthvað sé nefnt. Stoppa allir þar sem stöðvunarskylda er? Þetta og margt fleira er hægt að kanna með einföldum hætti. Gerið í sameiningu lista yfir þau atriði sem þið ætlið að kanna og skiptið svo á milli ykkar atriðunum áður en þið farið út og dreifið ykkur í hópum á þrjá eða fjóra staði í nágrenni skólans.



Í hópnum mínum eru: \_\_\_\_\_

Við ætlum að kanna: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Við verðum staðsett: \_\_\_\_\_

Hvenær fer könnunin fram? Dagsetning: \_\_\_\_\_ Tími: \_\_\_\_\_

Hér geturðu búið til töflu eða dálka til að merkja við atriðin sem þú ætlar að kanna:

Hvernig hefur hópurinn þinn hugsað sér að kynna niðurstöður sínar fyrir hinum í bekknum? Hægt er að búa til **veggspjald**, kynna niðurstöðurnar **munnlega**, vinna **skífurit** úr þeim, skrifa **skýrslu**, útbúa **glærusýningu** eða **upplýsingabækling**. Eða finna einhverja allt aðra leið.



Við í mínum hópi ætlum að kynna niðurstöður okkar með því að: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

# Reiðhjól

Vissirðu að til eru lög um reiðhjól og hvernig hjólreiðamenn eiga að haga sér í umferðinni? Sem hjólreiðamaður þarftu að kunna flestar sömu umferðarreglur og bílstjórar. Hér koma nokkur atriði í lögnum sem þú þarft að hafa í huga:



Ef nokkrir eru að hjóla saman eiga þeir að hjóla í einfaldri röð hver á eftir öðrum til þess að skapa ekki hættu eða óþægindi fyrir aðra vegfarendur.

Leyfilegt er að hjóla á gangstétt eða gangstíg ef það veldur ekki gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum. Hjólreiðamaður á að víkja fyrir gangandi vegfarendum á slíkum stöðum.

Hjólreiðamaður á að jafnaði að hafa fætur á fótstigum og a.m.k. aðra hönd á stýri.



Læsa skal reiðhjóli þegar það er ekki í notkun og ganga þannig frá því að ekki stafi hættu eða truflun af.

Þeir sem hjóla úti í umferðinni (á götu) eiga að halda sig hægra megin á akreininni. Börn undir 12 ára aldri ættu alltaf að hjóla á gangstéttum og göngu- og hjólreiðastígum.



Ekki má reiða farþega á reiðhjóli. Hjólreiðamaður eldri en 15 ára má þó reiða barn yngri en 7 ára ef barninu er ætlað sérstakt sæti á hjólinu.

Sums staðar er notkun reiðhjóla bönnuð á gangstéttum og er þá vakin athygli á því með viðeigandi skilti.


Allir eiga að nota hlífðarhjálma við hjólreiðar og það er skylda fyrir börn yngri en 15 ára.



# Reiðhjól

Í hvernig ástandi er hjólið þitt? Skoðaðu það vandlega og krossaðu við þau atriði sem eru í lagi. Fáðu mömmu eða pabba til að vera með þér í þessu verkefni. Athugaðu að þau atriði sem eru feitletruð er beinlínis skylda að hafa á öllum hjólum!

- |  |   |
|--|---|
| <input type="checkbox"/> Er keðjan mátulega strekkt?                             | <input type="checkbox"/> Er ljós framan á hjólinu, annað hvort hvítt eða gult (notað í skertu skyggni)? |
| <input type="checkbox"/> Er keðjan vel smurð?                                    | <input type="checkbox"/> Eru endurskinsmerki á fótstignum?  |
| <input type="checkbox"/> Er keðjuhlíf á hjólinu?                                 | <input type="checkbox"/> Eru endurskinsmerki á teinunum (teinaglit)?                                    |
| <input type="checkbox"/> Eru dekkinn heil og með góðu munstri?                   | <input type="checkbox"/> Eru glitaugu á hjólinu: rautt að aftan og hvítt að framan?                     |
| <input type="checkbox"/> Er nóg loft í dekkjunum?                                | <input type="checkbox"/> Virkar bjallan?  |
| <input type="checkbox"/> Eru bremsurnar í lagi, bæði að aftan og framan?         | <input type="checkbox"/> Er lásinn í lagi?  |
| <input type="checkbox"/> Er rautt ljós aftan á hjólinu (notað í skertu skyggni)? |   |



## Hjálmur

Hefurðu einhvern tíma misst hrátt egg á gólfið? Skurnin utan um eggjið brotnar og eggjahvíta og eggjarauða slettast út um allt. Það má líkja höfðinu á þér við egg. Það sem er fyrir innan skurnina (höfuðkúpuna) er afar viðkvæmt. Hér er auðvitað átt við heilann.


Ef þú dettur af hjólinu og færð við það mikið högg á óvarið höfuðið áttu á hættu að skynfæri þín brenglist og ýmislegt fleira gæti breyst hjá þér.

Til dæmis gætirðu átt erfitt með að ...

- finna fyrir því þegar einhver knúsar þig (snertiskynið)
- þekkja vini þína aftur (minnið)
- spila fótbolta eða hjóla (hreyfigetan)
- horfa á sjónvarpið (sjónin)
- finna muninn á súru eða sætu bragði (bragðskynið).

# Reiðhjól


Ýmsa fylgihluti er hægt að kaupa til að setja á hjól en ekki eru þeir allir nauðsynlegir. Nú veistu hvaða hluti er skylt að hafa á hjólum. Dragðu línu frá litlu myndunum, sem sýna það sem skylt er að hafa, að þeim stað eða stöðum þar sem hver hlutur á að vera á hjólinu.



## Bekkjarkerfni

Búið til eitt stórt súlurit með upplýsingum um það hvað af þessum skyldubúnaði er á hjólunum ykkar. Þið getið notað maskínupappír sem hengdur er upp á vegg, hentug stærð gæti verið ½–1 m<sup>2</sup>. Svo þarf að ákveða hvaða lit á að nota fyrir hvert atriði, t.d. grænn fyrir bjöllu. Allir

sem eru með bjöllu á sínu hjóli klippa út miða úr grænum pappír, t.d. 2–4 cm<sup>2</sup> að stærð, og líma á maskínupappírinn. Svo er hægt að bæta inn á súluritið á næstu dögum eftir því sem við á ef einhver hefur ekki verið með eitthvað í lagi á sínu hjóli en lagfærir það.



Það getur komið vel út að skreyta súluritið með myndum af flottum hjólum og hjálmum, sem þið getið t.d. klippt út úr tímaritum, auglýsingabæklingum og dagblöðum.

# Meira um hjálma

Allir hjólreiðamenn eiga að vera með hjálm og samkvæmt lögum er það skylda fyrir alla sem eru yngri en 15 ára. Reglur eru ekki settar út í bláinn. Hjálmur er mikilvægur því ef til þess kemur að hjólreiðamaður lendir í óhappi þá hlífir hann höfðinu og heilanum eins og kemur fram hér að framan. Það er

nú betra að hafa þetta tvennt í lagi – ertu ekki sammála því? En það er ekki alveg sama hvernig hjálmurinn er, hann þarf að henta þeim sem á að hafa hann á höfðinu og mikilvægt er að hann uppfylli lágmarkskröfur um öryggi. Hér eru nokkur atriði sem nauðsynlegt er að vita um hjálma.

- Hjúlmurinn á að vera CE-merktur. Það þýðir að hann uppfyllir lágmarkskröfur um öryggi.
- Hjúlmurinn þarf að vera af réttri stærð. Nauðsynlegt er að mæta hjálminn áður en hann er keyptur.
- Hjúlmurinn sést best ef hann er í skærum lit.
- Hjúlmurinn þarf að vera rétt stilltur og sitja rétt á höfðinu.
- Það má hvorki mála á hjálminn eða líma nokkuð á hann.
- Ekki á að nota hjálminn nema þegar verið er að hjóla eða renna sér á línuskautum, hlaupahjóli eða bretti.
- Hjúlmurinn er ekki eilífðareign. Hann ætti þó að endast í nokkur ár ef hann hefur ekki orðið fyrir hnjaski.

Þið verðið að laga á ykkur hjálmana stelpur.



Er hjálmurinn þinn mátulegur á þig? Er hann rétt stilltur og passarðu að hann sitji rétt á höfðinu? Hér eru þrjár myndir. Fyrsta myndin sýnir hvernig hjálmurinn á að vera á höfðinu en hinar tvær hvernig hann á ekki að vera.

Taktu eftir því að eyrað á að vera í miðju V-forminu sem böndin mynda. Næst þegar þú setur á þig hjálminn þinn skoðuðu þá í spegli hvernig hann situr á höfðinu og lagaðu hann til ef þarf. Hjúlmur sem er of laus eða hallar aftur eða fram veitir falskt öryggi. Það sama á við um hjálm sem er of stór eða of lítill.



# Þrautabraut

## Bekkjarkerfni

Þetta verkefni krefst dálítils undirbúnings. Ákveða þarf með fyrirvara hvaða dag á að ljúka verkefninu með keppni og hversu langan tíma þarf að áætla bæði í uppsetningu og keppni. Svo þarf auðvitað að útvega allt sem þarf.

Teiknaðu upp þína tillögu að þrautabraut fyrir reiðhjól (og hlaupahjól) á skólalóðinni hér í kassann fyrir neðan. Þegar tillögur allra í bekknum eru tilbúnar þá skoðar bekkurinn þær saman og ákveður hver þeirra þykir best.


Farið svo út saman og búið til þrautabrautina og haldið þrautakeppni! Hægt er að nota steina, spýtur, bönd, keilur eða eitthvað annað sem ykkur dettur í hug til að afmarka leiðina, auk þess sem á skólalóðinni er kannski ýmislegt sem hægt er að nýta, s.s. leiktæki, hólar, pollar og bekkir.

Keppnin getur verið einstaklingskeppni eða liðakeppni. Það má líka hafa keppnina á milli bekkja. Þið þurfið að ákveða keppnisreglurnar og einhver þarf að vera tímavörður og dómari og annar að taka að sér skráningu.

Til að gera brautina jafnvel enn fjölbreyttari má nýta leiktækin á skólalóðinni og fleiri hluti. Þegar komið er að rólunum á að róla sér sjö sinnum, skora körfu þar sem karfan er, skora mark með fótbolta, sippa 20 sinnum o.s.frv. Alltaf skal taka hjálminn af áður en þessar þrautir eru leystar og setja hann svo á sig þegar farið er á hjólið aftur – það er hluti af þrautinni!

Hvaða hluti þarf að útvega til að afmarka brautina með?

**Skrifaðu lista:**



# Umferðaröryggi



Hér sérðu mynd af fólki að hjóla í góða veðrinu. Það er aldeilis ys og þys og mikið um að vera í bænum.

Hverjir fara eftir umferðarreglunum og eru með öll öryggisatriði í lagi og hverjir ekki? Krossaðu yfir þá sem eru ekki með öryggið í lagi.


# Umferðaröryggi



# Öryggið er í

Hér sérðu kort af bæ. Fólkið í bænum þarf að komast leiða sinna á sem öruggastan hátt, bæði akandi og gangandi, hjólandi eða með strætó. Til þess að skapa sem mest umferðaröryggi, t.d. á leið í skólann, þarf að setja ýmiss konar umferðarmerki og ýmislegt annað eins og undirgöng eða hraðahindranir viðs vegar um bæinn. Skoðu aðu kortið vel og reyndu að finna út hvar best er að koma þessu öllu fyrir.

Fyrir neðan kortið sérðu hvað þú mátt nota mikið af hverri tegund og hvernig táknið fyrir hverja tegund lítur út. Þú getur svo litað kortið.



A  
6 hraðahindranir



B  
gangbrautir (eins og þarf)




C  
4 umferðarljós



9 biðskyldumerki



# Þínum höndum



4 gangbrautarljós

1 göngubrú


2 undirgöng

6 stoppmerki

strætósýli (eins og þarf)



# Fyndið Fyndið Fyndið



Næst þegar þú ferð í ferðalag eitthvað um landið (eða jafnvel í útlöndum) skaltu athuga hvort þú þekkir ekki örugglega meirihlutann af þeim umferðarmerkjum sem þú sérð.

Eftir að hafa farið í þennan leik ættirðu alla vega að muna eftir mörgum! Það getur til dæmis komið sér vel að koma auga á merki um að veitingastaður sé framundan og vekja athygli bílstjórans á því ...

Þetta er leikur þar sem skipta þarf bekknum í nokkra hópa með þremur til fjórum krökkum í hverjum hópi.

Leikurinn gengur út á það að leika hin ýmsu umferðarmerki, ýmist með kyrrri uppstillingu eins og ljósmynd eða með látbragði. Ekki má gefa frá sér nein hljóð. Hvernig leikur maður merki sem gefur til kynna að hraðahindrun sé framundan? Hvað með að leika merki sem segir að akstur dráttarvéla sé bannaður? Hvernig er hægt að leika merki sem vísar á næsta salerni? Þetta getur orðið mjög fyndið.



# Fyndið Fyndið Fyndið




Hver hópur dregur nokkra miða, sem kennarinn hefur, með myndum af umferðarmerkjum og einhverjir úr hópnum stilla sér svo upp eða leika merkið með látbragði. Þið þurfið að æfa ykkur þar sem hinir hóparnir geta ekki fylgst með. Þegar allir hóparnir hafa æft sig svolítið byrjar einn hópurinn og leikur eitt af þeim umferðarmerkjum sem hann dró. Hinir hóparnir eiga að giska á hvaða merki verið er að leika.

Hægt er að gera þetta að keppni milli hópanna með því að gefa hverjum hópi stig fyrir rétta ágiskun og sjá svo hvaða hópur gat oftast verið fyrstur til að geta rétt.

Hér í kring eru nokkur af þeim umferðarmerkjum sem um er að ræða. Athugið að merkin geta verið viðvörðunarkerki, bannmerki, boðmerki, upplýsingamerki eða þjónustumerki. Öll flokkast þau undir umferðarmerki.



# Hlaupahjól – hjóla



Samkvæmt lögum eru hlaupahjól ekki skilgreind sem ökutæki, eins og reiðhjól eru. En ef þau eru vélknúin gegnir öðru máli. Þá gilda sömu umferðarreglur um þau og venjuleg hjól eftir því sem við á, s.s. um að víkja fyrir gangandi vegfarendum. Ekki er leyfilegt að aka vélknúnu hlaupahjóli á götunni.

Hvaða öryggisbúnað þurfa þeir sem eru á hlaupahjóli að hafa?




---

---

Af hverju ætli þessar reglur séu settar?

---

**Spáðu í þetta!** Þegar þú ert á hlaupahjóli á fljúgandi ferð þá þarf ekki nema eina litla steinvölu sem verður á vegi þínum til að þú fipist á hjólinu, eða missir jafnvel alveg stjórn á því. Dekkin eru lítil og hörð og fara ekki svo auðveldlega yfir steina.



Hjólabretti eru leiktæki. Þau eru ekki skilgreind sem farartæki í lögum. Enda á ekki að ferðast neitt um á þeim, þau eru ætluð til leiks. Margir eru mjög færir á hjólabretti og þeir hafa líklega eytt miklum tíma í að æfa sig. Engu að síður geta þeir slasast eins og aðrir og jafnvel má færa fyrir því rök að þeir sem eru mjög flinkir geti hlotið verri skaða en hinir sem eru að stíga sín fyrstu skref. Hvernig stendur á því?

Hvaða öryggisbúnað þurfa þeir sem eru á hjólabretti að hafa?



---

---

Teiknaðu öryggisbúnaðinn á stelpuna.

**Spáðu í þetta!** Hvaða líkamshlutar eru líklegastir til að verða fyrir hnjaski og meiðslum ef þú dettur á hjólabretti?

---

---



# bretti – línuskautar

Sumir nota línuskauta til að ferðast á milli staða, en reglur um gangandi vegfarendur gilda um þá sem eru á línuskautum að öðru leyti en því að þeir sem eru á línuskautum eiga að víkja fyrir vegfarendum sem eru gangandi. Hægt er að ná miklum hraða á beinni og sléttri braut og erfitt getur verið að stöðva snögglega ef eitthvað kemur upp á. Ef brautin sem skautað er eftir er ójöfn getur verið erfitt að komast áfram. Allar ójöfnur á brautinni finnast mjög vel og geta beinlínis verið hættulegar. Krakkar ættu að nota línuskauta til að leika sér á en ekki til að ferðast á í umferðinni.

Hvaða öryggisbúnað þurfa þeir sem eru á línuskautum að hafa?



---

---

Teiknaðu öryggisbúnaðinn á strákinn.



Gerðu teiknimyndasögu um umferð og krakka á hlaupahjól, hjólabretti eða línuskautum. Hugsaðu söguna út frá titlinum.




# Endurskinsmerki

- Vissir þú að þeir sem eru með endurskinsmerki úti í umferðinni sjást allt að fimm sinnum fyrr en þeir sem eru ekki með endurskinsmerki? Fimm sinnum fyrr!
- Það má því segja að þetta einfalda en bráðsnjalla fyrirbæri sé hreinlega lífsnauðsynlegt eftir að skyggja tekur.
- Ökumenn sjá vegfaranda sem hefur endurskinsmerki í um 125 metra fjarlægð en þeir vegfarendur sem ekki hafa endurskinsmerki sjást ekki fyrr en í 25 metra fjarlægð.
- Endurskinsmerki kosta yfirleitt ekki mikið og t.d. er hægt að kaupa þau í lyfjaverslunum um allt land.
- Stundum dreifa fyrirtæki eða félagsamtök endurskinsmerkjum ókeypis til skólakrakka og oft eru útiföt, skófatnaður og skólatöskur fyrir krakka með áföstum endurskinsmerkjum.

En endurskinsmerki eru ekki bara nauðsynleg fyrir krakka sem eru á ferðinni í myrkri. Allir þurfa að sjást vel í umferðinni og því þurfa fullorðnir líka að vera með endurskinsmerki á sínum útifötum. Endurskinsmerki eiga líka að vera á barnavögnum og kerrum og jafnvel töskum. Hundar sem eru úti að ganga með eigendum sínum þurfa auðvitað líka að hafa endurskinsmerki. Hestamenn passa líka vel að

hestarnir þeirra sjáist í myrkri með því að setja endurskinsmerki bæði á sig og þá þegar þeir fara í útreiðartúra.

Staðsetning endurskinsmerkja skiptir mjög miklu máli. Þau eiga að vera neðarlega á fatnaði og sjást frá öllum hliðum. Besta staðsetning endurskinsmerkja er í sömu hæð og ökuljósa-geisli bifreiðar.



## Athugun

Hér fyrir ofan segir að ökumenn sjái vegfarendur í 125 m fjarlægð ef þeir eru með endurskinsmerki, en ekki fyrr en í 25 m fjarlægð frá bílnum án endurskinsmerkis. En hversu langt er þetta? E.t.v. áttu erfitt með að sjá það fyrir þér. Þess vegna er upplagt að athuga það. Það sem þú þarft er eftirfarandi:

Málband

Útikrít

Þessa bók og blýant

Félaga

Nú ferð þú út með félaga þínum og þið finnið góðan stað á skólalóðinni til að byrja á, t.d. upp við vegg einhvers staðar. Þið getið merkt með krítinni hvar þið byrjið. Svo skuluð þið mæla tvær beinar vegalengdir með málbandinu. Fyrst mælið þið **25 metra** frá upphafsstaðnum og merkið vel. Svo haldið þið áfram þaðan og mælið 100 metra í viðbót. Þá eru komnir **125 metrar**. Merkið líka þar með krítinni. Þegar þessari athugun er lokið áttið þið ykkur örugglega betur á vegalengdinni. Næst teljið þið skrefin sem þið gangið, fyrst á **25 metra** vegalengdinni og svo **125 metra** vegalengdinni. Hvað voru þau mörg? Ef þið eruð með klukku með sekúnduvísi þá getið þið líka mælt hversu langan tíma þið eruð að ganga á venjulegum gönguhraða, fyrst **25 metrana** og svo **125 metra**.

Ég tók \_\_\_\_\_ skref á **25 metra** vegalengd og það tók \_\_\_\_\_ sekúndur.

Ég tók \_\_\_\_\_ skref á **125 metra** vegalengd og það tók \_\_\_\_\_ sekúndur.



# Endurskinsmerki

## Tilraun

Hvernig getur þú séð með þínum eigin augum hvernig endurskinsmerki virka? Gerðu tilraun. Þú þarft að fara ásamt tveimur eða þremur bekkjarfélögum þínum út í myrkur með vasaljós, endurskinsmerki og málband. Þú þarft að hafa bókina með þér og blýant. Hversu mörgum metrum fyrr sést manneskja með

endurskinsmerki miðað við aðra sem ekki eru með endurskinsmerki? Ræðið og skipuleggið hvernig á að framkvæma tilraunina og hvenær (það þarf að vera myrkur, manstu!) og auðvitað verður kennarinn að vera með í ráðum, eins og alltaf. Svo skráir þú niðurstöður hópsins hér fyrir neðan.



### Hverjir taka þátt í tilrauninni með þér?

A) \_\_\_\_\_ B) \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_ var ekki með endurskinsmerki og ljósið skein fyrst á hann/hana í \_\_\_\_\_ metra fjarlægð.

\_\_\_\_\_ var með endurskinsmerki og ljósið skein fyrst á hann/hana í \_\_\_\_\_ metra fjarlægð.

Sá/sú sem var með endurskinsmerkið sást \_\_\_\_\_ metrum fyrr.

### Heldurðu að þetta gæti skipt máli í myrkri og lélegu skyggni, úti í umferðinni? \_\_\_\_\_

Vísindamenn og aðrir rannsakendur þurfa að skrifa skýrslur um allar tilraunir sem þeir gera. Nú á hópurninn þinn að hjálpast að við að skrifa nokkuð ítarlega skýrslu um það sem þið gerðuð. Best er að hver skrifi í sína bók þó þið hjálpist að við að semja textann.



Dagsetning tilraunar: \_\_\_\_\_ Tímasetning tilraunar: Kl. \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_

E.t.v. geturðu gert þessa tilraun heima líka, t.d. með foreldrum þínum. Þá notið þið bíljósín og mælið út frá þeim hvenær sést í manneskju með og án endurskinsmerkja.

# Snjór og hálka

Flestum krökkum finnst frábært þegar fyrsti snjór vetrarins fellur. Þeir flykkjast út með sleðana sína, skíði eða bretti og renna sér niður brekkur og hóla. Sumir búa til snjókarla og -kerlingar, aðrir fara í snjókast eða búa til snjóhús. Skíðabrekkur fyllast af fólki og alls staðar má sjá fólk á ferli, dúðað í hlý útiföt og með rjóðar kinnar.

En snjónum fylgja líka ýmsar hættur. Erfiðara verður fyrir ökumenn að hafa stjórn á ökutækjum sínum og gangandi vegfarendur geta átt í vandræðum með að komast ferða sinna fyrir snjóruðningum og háum sköflum. Einnig getur hálka myndast á götum og gangstéttum

og bæði ökumenn og aðrir vegfarendur þurfa að fara gætilega. Á hverjum vetri fótbrotna einhverjir eða handleggsbrotna vegna þess að þeir hafa runnið til í hálku og dottið. Því miður er líka alltaf eitthvað um að bílstjórar missi vald á bílum sínum í hálku.

Allir sem eru á ferli í snjó og hálku þurfa að hjálpast að við að gera umferðina sem öruggasta. Gangandi vegfarendur, og jafnvel bara krakkar eins og þú, gegna þá stóru hlutverki ekki síður en ökumennirnir inni í hlýjum bílunum sínum. Hugsaðu aðeins um það hvaða hlutverki þú gegnir við þessar aðstæður, á meðan þú leysir verkefnin hér á eftir.

<i>gaman</i>	<i>hættulegt</i>	<i>kalt</i>	<i>leiðinlegt</i>	<i>fjör</i>	<i>blautt</i>
<i>hvítt</i>	<i>hált</i>	<i>rólegt</i>	<i>stjórnlaut</i>	<i>vont</i>	<i>skítugt</i>
<i>óþægilegt</i>	<i>hreint</i>	<i>frábært</i>	<i>brakandi</i>		

Gerðu hring utan um orðin hér fyrir ofan sem þér finnst eiga vel við þína upplifun af frímínútum þegar snjór er.



Þá er komið að því að fjalla um hegðun og ábyrgð, bæði í umferðinni og í samskiptum á skólalóðinni þegar allt er orðið hvítt af snjó.

# Snjór og hálka

## Í umferðinni

Hvernig hegðun sýnir aðgát og ábyrgð? (Skrifaðu eða teiknaðu í ramma.)



Hvers konar hegðun er óábyrg og getur verið hættuleg bæði þér og öðrum?



Af hverju getur það skapað hættu að kasta snjóboltum í bíla sem aka fram hjá?

---

---

---



Hvað þurfa krakkar að hafa í huga þegar þeir renna sér á sleðum?

---

---

---

## Á skólalóðinni

Hvaða hegðun er æskileg? Hvaða hegðun er óæskileg? (Skrifaðu eða teiknaðu í ramma.)



# Umferðarfréttir

Lestu fréttina hér fyrir neðan. Hefurðu heyrt um svipuð atvik þar sem hjálmur hefur bjargað miklu þegar reiðhjólaóhapp hefur átt sér stað? Hefur þú kannski lent í einhverju sambærilegu eða einhver sem þú þekkir? Ræðið málið innan bekkjarins.

Næstu daga skaltu fylgjast vel með umferðarfréttum í blöðunum. Klipptu út fréttir af umferðinni og límdu hér á síðuna og næstu síðu. Hvers konar fréttir eru algengastar? Berið saman bækur ykkar.

## Hjálmurinn bjargaði

TÓLF ára stúlka varð fyrir því óhappi í gær að steypast fram af hjóli sínu á mikilli ferð niður brekku. Slysið vildi þannig til að stúlkan var með poka sem hún hafði hengt á stýrið vinstra megin og hélt um. Skyndilega sveiflaðist pokinn til og lenti í teinunum á framdekki hjólsins með þeim afleiðingum að hjólið stöðvaðist snögglega. Missti stúlkan vald á hjólinu við þetta, kastaðist fram fyrir sig og lenti á veginum með höfuðið á undan. Stúlkan var með reiðhjól hjálm á höfðinu og bjargaði það að öllum líkindum jafnvel lífi hennar. Hjálmurinn er gjörónýtur eftir slysið og hlaut stúlkan

töluverða áverka í andliti og á höndum, auk heilahristings, en fékk að fara heim að lokinni skoðun og aðhlyningu á heilsugæslustöðinni. Hjólið er einnig mikið skemmt. Haft er eftir lögreglukonu sem kom að slysinu að miðað við ástand hjálmsins eftir byltuna væri stúlkan líklega ekki til frásagnar ef hún hefði verið hjálmlaus á hjólinu.

„Ég hef bara aldrei séð jafn illa útleikinn hjálm,“ sagði lögreglukonan, Steinunn Björnsdóttir. „Hjálmurinn bjargaði klárlega miklu í þessu tilfelli, það er engin spurning.“

Líma fréttir hér!

# Umferðarfréttir

Líma fréttir hér!

## Jákvæðar fréttir – neikvæðar fréttir


Hversu mörgum fréttum af umferðinni safnaðir þú? \_\_\_\_\_

Hversu margar þeirra fjalla á jákvæðan hátt um umferðarmál? \_\_\_\_\_

Hversu margar fjalla á neikvæðan hátt um umferðarmál, segja frá slysum og þess háttar?  
\_\_\_\_\_

Teiknaðu mynd sem á vel við einhverja af fréttunum sem þú safnaðir.

# Könnun



Nú skaltu gera könnun á meðal skólafélaga þinna, foreldra, systkina, frændfólks – allra þeirra sem þér dettur í hug. Hafðu úrtakið a.m.k. 15 manns! Hér á eftir eru spurningar sem þú getur notað (þú þarft ekkert að nota allar) og svo getur þú bætt við ef þér finnst eitthvað vanta. Sýndu niðurstöður könnunarinnar með stöplariti á næstu síðu. Gerðu já- og nei-stöpul fyrir hverja spurningu og hafðu hvert stöplapar alltaf í tveimur litum. Fyrir hvert svar gerirðu strik í réttan dálk, svona: I, og þegar komin eru fjögur þannig strik gerirðu eitt á ská yfir þau, svona: IIII. Þá er auðvelt að telja saman strikin þegar þú ferð að vinna úr könnuninni.



Spurning	Já	Nei
Þekkirðu einhvern sem hefur lent í umferðarslysi?		
Hefurðu slasast á reiðhjólí? (Brotnað eða þvíumlíkt?)		
Hefurðu orðið fyrir minni háttar óhappi á reiðhjólí? (T.d. dottið.)		
Ertu alltaf með hjálm þegar þú hjólar?		
Heldurðu að hjálmur sé góður öryggisbúnaður fyrir hjólréiðamenn?		
Hefur verið ekið á þig sem gangandi vegfaranda?		
Hefur verið ekið á þig þegar þú varst á hjólí?		
Hefur verið ekið á hjólíð þitt, án þess að þú hafir verið á því?		
Hefurðu verið í bíl sem keyrt var aftan á?		
Hefurðu verið í bíl sem keyrði aftan á annan bíl?		
Hefurðu runnið á bananahýði?		
Hefurðu lent í óhappi á hlaupahjólí?		
Hefurðu lent í óhappi á línuskautum eða á hjólabretti?		
Notarðu alltaf hjálm þegar þú ert á hlaupahjólí?		
Notarðu alltaf hjálm þegar þú ert á línuskautum?		
Notarðu alltaf hjálm þegar þú ert á hjólabretti?		
Notarðu olnboga-, úlnliðs- og hnéhlífar þegar þú ert á línuskautum eða hjólabretti?		
Telurðu að olnboga- úlnliðs- og hnéhlífar skipti máli sem öryggisbúnaður fyrir þá sem eru mjög flinkir á línuskautum eða hjólabretti?		







# Öðruvísi bingó

Í auðu reitina á bingóspjaldinu hér fyrir neðan áttu að skrifa eitthvað sem þú gerir jákvætt og rétt í umferðinni. Þegar allir í bekknum hafa gert þetta eiga þeir að ganga rólega um skólaföstudun og spyrja hver annan í hálfum hljóðum hvort þeir geri eins og stendur í einhverjum reit. Þú mátt bara spyrja hvern bekkjarfélagan um eitt atriði. Ef félagi þinn svarar játandi eða getur sagt hvað umferðarmerkið heitir eða þýðir eða hvernig það er á litinn á hann að skrifa upphafsstafina sína í

þann reit hjá þér. Svo spyr hann þig að einhverju sem er á hans spjaldi og þú skrifar upphafsstafina þína í reitinn hjá honum ef það á við.

Sá eða sú sem fyrst(ur) nær því að fá upphafsstafi í alla reitina hjá sér kallar BINGÓ og hefur unnið! Hann eða hún les svo upp fyrir bekkinn hvaða atriði voru á bingóspjaldinu hans/hennar eða útnefnið einhvern annan til að gera það fyrir sig.

## B I N G Ó

Lít alltaf til beggja hliða og hlusta áður en ég geng yfir götu.		Hvernig er merkið  á litinn?
	Passa að hafa alltaf endurskinsmerki þegar ég er úti í myrkri.	Spenni alltaf öryggisbeltið þegar ég er í bíl.
Gæti þess að ganga bara yfir á gangbrautarljósum þegar græni kallinn logar.	Hvað heitir merkið? 	Er með hjálm þegar ég er á hlaupahjólí.

Hvaða atriði voru á bingóspjöldum hinna krakkanna, sem ekki voru á þínu spjaldi? Skrifðu tvö til þrjú þeirra hér til hliðar:

1. \_\_\_\_\_

2. \_\_\_\_\_

3. \_\_\_\_\_



# Á ferð og flugi í umferðinni

Vinnuhefti ætlað til umferðarfræðslu á miðstigi. Fjallað er um ýmis mikilvæg atriði í tengslum við umferð og umferðaröryggi. Í heftinu er fjöldi áhugaverðra og fjölbreyttra verkefna.